



Ársskýrsla og ársreikningur 2009

Efnisyfirlit:

Ársskýrsla 2009.....	2
Yfirlit.....	2
Skjólskógar í 10 ár.....	3
Framkvæmdir 2009.....	4
Gróðursetningar 2009.....	4
Ný gerð skjólbelta.....	5
Dæmi um hönnun nýrra skjólbelta.....	6
Gömlu skjólbeltin.....	7
Ársreikningur 2009.....	8

Ársskýrsla 2009

Yfirlit.

Árið 2009 gekk í garð með 12 % lækkun fjárframalaga til verkefnisins frá fyrra ári en framlög á fjárlögum voru 46,1 milj.kr 2009 á móti 52 milj. árið 2008.

Verðbólga milli áranna samkvæmt vísitölu neysluverðs gerir þessa lækkun hins vegar að 31% raunlækkun fjár til ráðstöfunar.

Við þessu hafði verið búist og var fundað sérstaklega með samningsbundnum bændum um þetta mál í lok árs 2008.

Ljóst var að Skjólaskógar væru í afar erfiðri stöðu til að mæta þessum samdrætti en allar leiðir voru kannaðar til að lækka kostnað og reka stofnunina inna fjárlagaramma, m.a. að:

- Lækka kostnað við plöntukaup með samningum við framleiðendur, hefjast strax handa við að ná fram lækkun 2010-2011.
- Reyna að komast hjá vísitöluhækkunum á aðra kostnaðarliði,
- Lækka starfshlutfall starfsmanna,
- Fresta eða fella niður tímabundið framlög vegna beitarfriðunar,
- Reyna að lækka kostnað við gróðursetningu með því að fá fólk af atvinnuleysiskrám til starfa á einstökum jörðum,
- Reyna að auka tekjur með nýjum verkefnum s.s. Vegagerð ríkisins.

Niðurstaða niðurskurðarvinnu var í stuttu máli eftirfarandi:

- | | |
|---|--------------------|
| • Engir nýir samningar | Niðurskurður 100 % |
| • Viðhaldsfé girðinga á samningsjörðum. | Niðurskurður 100 % |
| • Plöntunotkun færð niður um 60.000 plöntur. | Niðurskurður 17 % |
| • Endurnýjun fyrirtækisbifreiðar | Niðurskurður 100 % |
| • Plöntulagerum fækkað úr 3 í 1 | Niðurskurður 60 % |
| • Skjólbeltaframkvæmdir | Niðurskurður 50 % |
| • Staða eins starfsmanns lækkuð úr 100% í 92% | |
| • Ný <i>Grænni skóga</i> námskeiðaröð | Niðurskurður 100 % |
| • Grisjun | Niðurskurður 100 % |
| • Slóðagerð | Niðurskurður 100 % |
| • Fjármagn til rannsókna | Niðurskurður 100 % |
| • Draga úr öðrum reksturskostnaði, ferðum og akstri starfsmanna. | |
| • Gróðursetning fari fram í maí-júní 2009, - engin haustgróðursetning | |
| • Taxtar vegna framkvæmda og girðinga tækju ekki vísitöluhækkun frá árinu 2008 | |
| • Að taka upp nýtt kerfi upp við greiðslu girðingakostnaðar sem miði við að greiða hann í hlutfalli við framvindu gróðursetninga í samningssvæði. | |

Skógarbændur tóku á sig án bóta allan viðhaldskostnað girðinga á árinu og má áætla að sá kostnaður nemi a.mk. einni milljón króna. Þessi ákvörðun var tekin að loknum símafundi með fjölmörgum skógarbændum þann 21. janúar. Að öðru leiti dugðu aðhaldsaðgerðir til að rekstur Skjólaskóga var innan fjárlagaramma þegar árið var gert upp.

Skjólaskógar í 10 ár.


Árið 2009 er tíunda starfsár Skjólaskóga á Vestfjörðum. Í smíðum er sérstök skýrsla þar sem birtar verða ýtarlegar upplýsingar um framkvæmdir og helstu kennistærðir þessara 10 ára.

49 jarðir hafa samning við Skjólaskóga en engir nýir samningar voru gerðir á árinu 2009 vegna aðhalds og sparnaðar.

Samningsbundið land er alls 2.943 hektara og við árslok 2009 hafði verið plantað í 44% þess, rétt tæpum þremur milljón skógarplantna

Á tímabilinu hefur verið varið rúmum 406 milljónum króna af fjárlögum ríkisins til reksturs Skjólaskóga (586 millj. á verðlagi 2009).

Bein framlög til framkvæmda á samningsjörðum eru á sama tíma 185 milljónir (265 milj. á verðlagi 2009).



Samningsbundin skógræktarsvæði á Vestfirðum við árslok 2009 táknud með rauðu.

Framkvæmdir 2009.

Þrátt fyrir niðurskurð var plantað af fullum krafti, plöntu sem til afhendingar voru samkv. samningi við framleiðendur. Gróðursetning gekk vonum framar og um mánaðamót júní – júlí var gróðursetningu að lang mestu leiti lokið. Í sem skemmstu máli voru bændur sáttir við aukna áherslu á vörgróðursetningu og viðbúið að áhersla verði á það áfram. Vöxtur nýgróðursettra plantna var með ágætum um sumarið og vakti það ánægju flestra með þessa aðferð. Árangur í birkigróðursetningum var með afbrigðum góður og líklega má það þakka sérlega kröftugum plöntum og frábæru tíðarfari.

Um nokkurt skeið hafði verið í undirbúningi að ráðast í gerð tilraunaskjólbelta á bænum Innri Hjarðardal í Önundarfirði. Tilraunin gengur út á að rækta öflugra og langlífara skjólbelti en fæst með þeim tegundum sem mest hafa verið notuð í þessum tilgangi til þessa.


Áfram var unnið að úttektum á eldri gróðursetningum og er gerð grein fyrir niðurstöðu þeirra athugana í sérstakri skýrslu yfir fyrstu 10 starfsár Skjólsskóga.

Gróðursetningar 2009.

Árið 2009 náðist í fyrsta sinn að fá nægilegt magn af reynivið til að anna eftirspurn og er ánægjulegt að sjá hve þessi tegund er orðin vinsæl sem íblöndun í aðra skógrækt eða hreindir reyniviðarlundir.

Í töflu og kökuriti hér að neðan er gerð grein fyrir fjölda og hlutfalli tegunda.

Tegund	2009
Ilmbjörk	94.000
Sitkagreni/S.bast.	59.985
Hvítgreni	30.000
Svartgreni	5.000
Rússalerki	30.000
Evróplerki	10.000
Stafafura	20.920
Bergfura	15.000
Lindifura	11.960
Alaskaösp	20.020
Reyniviður	1.080
Selja	2.000
Fjallapínur	385
Græn /Sitkaelri	10.000
Gráelri	2.000
Jörvaviðir	875
	315.234



Lítið framboð var af reynivið og innlendum víðitegundum en þetta árið fékkst í fyrsta sinn dálítið magn af selju (*Salix caprea*) og gráelri (*Alnus incana*). Nú er einnig gert hlé á notkun ýmissa sjaldgæfari tegunda sem lítil reynsla er komin á s.s. fjallalerki og mýralerki og einnig mun verða hætt að mestu að nota svartgreni og fjallapín á meðan reynsla af vexti og viðgangi kemur betur í ljós.

Talsverð vinna var lögð í skjólbelti á árinu bæði viðhald eldi belta og ræktun nýrra.

Ný gerð skjólbelta.

All mikil umræða hefur undanfarin ár verið um gæði skjólbelta sem ræktuð hafa verið og talsverð gagnrýni komið fram um að verið sé að nota of mikið af víði í beltin. Þrír starfsmenn Skjólskóga fóru á viku langt skjólbeltanámskeið í Danmörku seint á árinu 2007 og kynntu sér aðferðir Dana við skjólbeltagerðina en Danir búa að gríðarlegri þekkingu á þessu sviði. Þetta nám leiddi til stofnunar sérstaks faghóps meðal nokkurra starfsmanna landshluta-verkefnanna um nýja gerð skjólbelta sem byggði sem minnst á notkun víðitegunda en nota þess í stað langlífur lauftrjátegundir og skuggþolið undirskjól til að halda niður samkeppnisgróðri. Í kjölfar námskeiðs og umræðufundar með bændum í Heydal í apríl 2008 var samið við landeigendur í Innri Hjarðardal í Önunarfirði um að þar skyldi ráðist í gerð fyrstu skjólbeltanna með þessum formerkjum. Samtals voru lögð út 3,1 km af nýjum beltum.

Talsverðan tíma hefur tekið að velja og rækta efnivið í þessi belti og því varð ekki af framkvæmdum fyrir en vorið 2009.


Grundvöllur Dönsku beltanna er að þar vaxi upp langlífur belti (kallað 100 ára beltið) sem þarfnist lítils viðhalds og sé nokkuð sjálfbært eftir fyrstu þrjú árin. Danskir nota illgresislyf eða vélar til að verjast illgresi fyrstu þrjú árin en Skjól-skógar vilja heldur byggja á notkun plastdúks til illgresisvarna. Hönnun beltanna og tegundaval miðar að því að nota fjölbreytta samsetningu sem styddu hver aðra og meginreglan er að þurfa ekki að taka út tegundir eða setja inn nýjar eftir því sem beltið vex og þroskast. Viðhald er fyrst og fremst varnir gegn illgresi á fyrstu árum og síðan að fylgjast með vaxtarlagi og grípa inn í með klippingum eða fellingu þar sem eitthvað fer úrskeiðis í samspili plantna og tegunda.

Skjólbeltaplan í Innri Hjarðardal, ný belti 2009. 05.05.2009.

Belti 1. tvöfalt plast, 335 m.	Plast alls: 670m.
Belti 2. tvöfalt plast, 221 m.	Plast alls: 442m.
Belti 3. tvöfalt plast, 180 m.	Plast alls: 360m.
Belti 4. einfalt plast, 326 m.	Plast alls: 326m.
Belti 5. einfalt plast, 285 m.	Plast alls: 285m.
Belti 6. tvöfalt plast, 276m.	Plast alls: 525m.
Belti 7. tvöfalt plast, 76m.	Plast alls: 152m.
Belti 8. tvöfalt plast, 158 m.	Plast alls: 316m.

Belti samtals: 1.857 m.

Plast samtals: 3.103 m.




Bessa og Bjöggi huga að vexti nýju beltanna í skjóli víðibelta frá 1997.

Dæmi um hönnun nýrra skjólbelta. Belti nr. 3 í Innri Hjarðardal í Önunarfirði.

Belti 3 (tvö plöst)

3 (a & b) innraðir	Lengd í plasti	360	m
	Millibil trjáa	3m	
	Fjöldi trjáa	120	stk.
	Alaskaösp	50%	60
	Reyniviður	10%	12
	Embla	10%	12
	Selja	10%	12
Gráölur	20%	24	
Viðja milli trjáa		120	

Í töflunni hér til hægri eru listaðar trjategundir og fjöldi. Alaskaösp er helmingur trjáanna, plantist í þyrpingum t.d. 3 saman og svo 3-4 tré af annari tegund. Bil milli stofntrjáa er 3 m. Viðja á milli allra trjáa, Ath. hér þarf að gefa viðju sérstakan gaum og sjá til þess að hún vaxi öðrum trjategundum ekki yfir höfuð, -fjarlægja alveg ef önnur tré standa sig.



Alaskaösp (AÖ) 50%, IR 10%, IB 10%, SV 10%, GáE 20%.

Strandaviðir er eina víðitegundin í þessu belti (fyrir utan selju) aðrir runnar er fjórar tegundir sem plantist óreglulega í bæðar útraðir alltaf með 1. m. bili. Gæta þarf að viðja trufli ekki runnaröð.

3 (a & b)	Runnar 1m.	360	stk
	Glótoppur kera	20%	72
	Fjallarífs	20%	72
	Sólber	20%	72
	Strandaviðir	15%	54
	Rífs	25%	90

Ekki tókst að fá allra tegundir í lág- og milliskjól í nægjanlegu magni á 1. sumri en haldið verður áfram að bæta inn því sem vantar á næstu árum.

Gömlu skjólbeltin eru flest byggð upp á ýmsum víðitegundum svo sem alaskavíði, gulvíði og víðju en trjátegundirnar hafa yfirleitt verið aðeins björk og alaskaösp. Í öllum beltum af þessari gerð þarf að huga að því að klippa víðirinn reglulega bæði til að hann haldist þéttur og eins að hann fari ekki að brotna mjög og velta á rót. Víðirinn hefur þann ókost að vera mjög ljóselskur en fyrir vikið gisinn og hleipir ljósi niður á jörð þar sem grös og arfi eiga þá auðvelt með að þrífast. Þrátt fyrir allt er þó víðirinn oft það eina sem getur þrífist og vaxið í fremstu víglínu í fyrstu atrennu ef svo má að orði komast.

Það er mikil vinna að viðhalda víðiskjólbeltum og á árinu var brugðið á það ráð að prufa sérstakar klippur sem fengnar voru að láni hjá Landgræðslunni. Gunnar Sigurðsson á Þingeyri kom þessum klippum fyrir á armi smágröfu og klippti ofan af og utan úr skjólbeltum á 6 jörðum í Dýrafirði og Önundarfirði. Þótti tiltækið gefa góða en nokkuð misjafna raun.

Hér fara nokkrar myndir af vélvæddri skjólbeltaklippingu vorið 2009.

